

15.fundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins þriðjudaginn 9.maí 2011 kl. 17.00.

Mættir: Guðjón, Sigurjón, Birgir, Kári, Auðunn og Gry.

- 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

- 2. Skýrsla frá nýafstöðnu Evrópumóti í Tékklandi.

Stjórnarmenn óskuðu Auðunn til hamingju með frábæran árangur á mótinu. Sigurjón sagði frá því helsta sem gerðist á þingi EPF. Hann sagði frá jákvæðum viðbrögðum annarra þjóða við þá þróun sem hefur orðið í kraftlyftingamálum á Íslandi undanfarin tvö ár. Auðunn tók undir þetta í sinni frásögn frá mótinu, en hann sagði ítarlega frá sinni reynslu í keppninni.

- 3. Vesturevrópukeppnin 2015.

Stjórnin ákvað að sækja um að fá að halda Vesturevrópukeppnina 2015 á Íslandi.

Aðgerð: Gry skrifa stjórn EPF bréf og ber fram erindið.

- 4. Norðurlandamót unglunga 2013.

Stjórnin ákvað að athuga möguleikann á að halda Norðurlandamót unglunga á Íslandi 2013.

Aðgerð: Gry ber erindið undir stjórn NPF.

- 5. Smáþjóðaleikarnir 2015.

Stjórnin ákvað að sækja um að kraftlyftingar verði keppnisgrein á smáþjóðaleikjunum sem munu fara fram á Íslandi 2015.

Aðgerð: Gry semur umsóknarbréf til framkvæmdanefndar ÍSí.

- 6. Fjármál

Kári lagði fram yfirlit yfir stöðu fjármála. Ítrekuð var fyrri ákvörðun stjórnar að styðja keppendur í unglunga- og öldungaflokki með 60.000 krónur, en greiða fullt fyrir aðstoðarmenn. Reikningar eiga eftir að koma inn vegna Evrópumótsins og Evrópumóts unglunga.

Aðgerð: Kári gengur frá greiðslu við Grétar Skúla vegna Norðurlandamót unglunga. Gry ítrekar við keppendur að senda reikninga og útskrift að greiðslukortarúttektum til Kára.

- 7. Byrjendamót.

Breiðablik mun halda byrjendamótið 28.maí gegn vægu keppnisgjaldi, 1500,- krónum. Vigtun verður kl. 9.00 og mótið hefst kl. 11.00.

Aðgerð: Gry auglýsir þegar endanleg staðfesting hefur fengist

- 8. Dómarapróf.

Til að geta haft byrjendamótið snemma dags verður dómaraprófið fært til fimmtudagsins 26.maí kl. 17.00. Þessi ákvörðun var tekin í samráð við Helga Hauksson gegnum síma. Prófið verður haldið í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Aðgerð: Gry hefur samband við prófkandidata og tryggir að allir eru upplýstir og tryggir aðstöðu í Laugardal.

- 9. Mótanefnd

Birgir upplýsti að mótanefndin mun hittast næst í ágúst og undirbúa næsta keppnistímabil.

- 10. Heiðursmerkjanefnd.

Stjórnin skipaði í heiðursmerkjanefnd: Sigurjón Pétursson (formaður), Guðjón Hafliðason, Birgi Viðarsson og Auðun Jónsson.

- 11. Landsliðsmál.

Lokaskráningarfræstur á EM unglunga rennur út 12.maí. Óljóst er hverjir munum keppa á EM öldunga en lokaskráning er 13.júni.

Aðgerð: **Gry** sendir inn skráningu á unglíngamótið. **Guðjón** ræðir við Fannar og Halldór um fyrirkomulagið á EM öldunga.

- 12. Landsliðsbúningar.

Safna þarf saman landsliðsbúninga til notkunar í sumar. Ákveðið var að breyta pantanir framvegis þannig að íslenski fáninn verði á keppnistreyjum að framanverðu.

Aðgerð: **Birgir** er með málið.

- 13. Keppnissett í eigu Kraft.

Aðgerð: **Sigurjón** ræðir við Hjalta um færslu á græjum sem eru í vörslu hans, en stjórnin hefur ákveðið að færa þá yfir í aðstöðu Breiðabliks.

- 14. Bréf og erindi.

Sambandinu hefur borist bréf frá Kristínu Jónsdóttur.

Aðgerð: **Sigurjón** svarar bréfinu f.h. sambandsins.